



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 24. mars 2021

Efni: Drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Á Samráðsgátt er til umsagnar drög að reglugerðabreytingu um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Í drögunum eru lagðar fram breytingar á 6. gr. reglugerðar nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, sem innleiðir hér á landi Evrópureglugerð nr. 1169/2011. Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða SI) gera eftirfarandi athugasemdir:

Árið 2009 tóku íslensk stjórnvöld upp matvælaöryggi EES og hafa síðan þá verið bundin af öllu regluverki ESB um matvælaöryggi og plöntu- og dýraheilbrigði. Almenn meginregla í þeirri löggjöf kveður á um grundvöll fyrir neytendur til að taka upplýstar ákvarðanir í tengslum við þau matvæli sem þeir neyta og koma í veg fyrir athæfi sem getur villt fyrir neytendum.

Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 (hér eftir „reglugerðin“) um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda sem innleidd er með reglugerð 1294/2014 er gerð rík krafa um framsetningu upplýsinga og læsileika á umbúðum matvæla. Í reglugerðinni eru skilgreindar grunnupplýsingar sem neytendur eiga rétt á að vita sem og kröfur og skyldur matvælaframleiðenda sem og dreifingaraðila markaðssettra matvæla. Meðal upplýsinga sem ber að sýna á umbúðum eru nettómagn, listi yfir innihaldsefni, dagsetning lágmarksgeymslupols eða síðasti notkunardag, uppruni og tegund matvæla. Um framsetningu á þessum lögboðnu upplýsingum er fjallað um í 1. og 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur fram að upplýsingarnar eigi að koma fram á umbúðum eða merkimiðum festum við umbúðirnar, þær verði að vera settar á áberandi stað og vera þannig úr garði gerðar að þær séu auðsjáanlegar og auðlæsilegar.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í reglugerðardrögunum verður íslenskum matvælaframleiðendum og öllum dreifingaraðilum markaðssettra matvæla heimilt að miðla þessum lögboðnu upplýsingum einungis með strikamerki eða QR kóða í stað merkinga á umbúðum eða merkimiða festum við umbúðir eins og að ofan greinir.

Um breytingar á öðrum aðferðum við miðlun á lögboðnum matvælaupplýsingum, er fjallað í 12. gr. reglugerðarinnar, sem tekur á tiltækileika matvælaupplýsinga og aðgengi að þeim. Í 3. mgr. 12. gr. er að finna mjög þrönga framsalsheimild framkvæmdastjórnar ESB til miðla upplýsingum á annan hátt. Þar er kveðið á um að upplýsingastigið þurfi að vera það sama og með umbúðum eða merkimiðum og sannað þyki að sé sams konar skilningi neytenda og víðtækri notkun á þeim aðferðum. Þá fyrst er heimild til að koma á viðmiðunum sem fara skal eftir þegar öðrum aðferðum er beitt um miðlun þessara lögboðnu upplýsinga.

Þá er vert að benda á að í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, um almenn markmið, er tekið fram að á meðan **undirbúningur, mat og endurskoðun laga um matvælaupplýsingar** stendur yfir skuli hafa opið og gagnsætt samráð við neytendur og hagsmunaaðila.




Það er álit Samtaka iðnaðarins að stjórnvöldum skorti heimild fyrir þeim reglugerðarbreytingar sem lagðar eru til í drögnum og furða sig á vinnubrögðum ráðuneytisins.

Hvað varðar samráð við neytendur og hagsmunaaðila er vert að benda á að í febrúar 2019 undirrituðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Samtök iðnaðarins, Bændasamtökin, Samtök verslunar og þjónustu og Neytendasamtökin samkomulag um að gera gagnskör í því að bæta merkingar á matvælum. Markmið samstarfsins var að tryggja betur rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif matvæla. Í kjölfarið skipaði ráðherra samráðshóp með fulltrúum framleiðenda, neytenda og verslunar sem hafði það hlutverk og markmið að leiðarljósi að upplýsa neytendur og fyrirtæki um réttindi og skyldur merkingar matvæla, á skýran og einfaldan hátt og í samræmi við **alþjóðlegar skuldbindingar**.

Í skýrslu samráðshóps er tekið fram að Ísland hafi alla burði til að vera leiðandi í nýtingu tækninnar enda upplýsingatæknivæðing framarlega hér á landi. Í skýrslunni eru sett fram möguleg markmið stjórnvalda til að einfalda yfirsýn og aðgengi að upplýsingum um neysluvörur. Þar er bent á framtíðarmöguleika þess að varpa ljósi á vottanir, lyfjanotkun, fóðurnotkun, kolefnisspor og annað sem kann að gera matvælaframleiðendum kleift að bjóða neytendum enn betri rekjanleika og gagnsæi. Upplýsingatæknin gæfi neytendum því möguleika á að nálgast slíkar **viðbótarupplýsingar**, með QR kóða eða sambærilegri tækni sem kunna að vera í boði. Slík viðbótarsnið upplýsingargjafar og framsetning eru vel til þess fallinn að vera neytendum og framleiðendum til hagsbóta. Í skýrslunni er einnig sérstaklega **bent á mikilvægi þess að greina heildstætt þarfir allra aðila** sem og þann kostnað og ábata áður en stefnumarkandi ákvörðun um val og innleiðingu á upplýsingatækni er valin.

Samtök iðnaðarins leggjast alfarið gegn þeim reglugerðarbreytingum sem lagðar eru til enda kunna þær að villa fyrir neytendum og kunna að koma í veg fyrir jöfn samkeppnisskilyrði íslenska matvælaframleiðenda. Þá liggur fyrst og fremst ljóst fyrir að ekki er heimild fyrir íslensk stjórnvöld að setja þær landsbundnu ráðstafanir sem reglugerðarbreytingin felur í sér.

Virðingarfyllt,



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði